



Minnisblað um þróun og stöðu timburframleiðslu hjá Skógrækt ríkisins

Á undanförunum fimm árum hefur mikið gengið á í grisjun og nýtingu timburs úr þjóðskógunum. Má þar nefna:

- Tilkomu markaða fyrir kurl (lífmassavið), fyrst kyndistöð á Hallormsstað, svo markað fyrir hefilspæni og sag undir skepnur og loks mikla eftirspurn eftir viðarkurlu sem kolefnisgjafa í kísilmálmvinnslu. Kurlsala náði rúmum 4.000 m³ fasts viðar árið 2013.
- Aukna nýtingu veitingahúsa (pitsustaða) á eldiviði og þróun á nýtingu barrviðar í viðbót við birki í því skyni. Arinviðarsala hefur u.þ.b. tvöfaldast síðan 2007 og nemur nú u.þ.b. 500 m³ fasts viðar.
- Bolviðarsölu, sem er misjöfn milli ára en hefur aukist mjög miðað við það sem áður var, einkum af því að í íslenskum skógum finnst nú efni sem hentar vel í fiskihjalla. Bolviðarsala náði mest tæpum 300 m³ árið 2012.
- Sölu á borðum og plönkum, sem er háð framleiðslu fyrir einstök byggingarverkefni. Sala borðviðar nam áður örfáum m³ á ári en mælist nú í tugum m³ ár hvert.

Ljóst er að kurlmarkaðurinn er langmikilvægastur, auk þess sem hann hentar vel núverandi stöðu ræktaðra skóga. Sá viður sem fæst úr skógunum er að mestu leyti grisjunarviður úr fremur ungum skógum þar sem betri tré standa eftir. Megnið af efninu sem til fellur hentar því best til kurlunar. Mikilvægt er nú að hagræða í allri aðfangakeðjunni frá skógi til kaupenda, þ.m.t. að vélvæða skógarhögg, ná góðri hagkvæmni í flutningum og fjárfesta í úrvinnslutækjum. Þá er ekki síður mikilvægt að skrá vel alla reynslu hvers og eins svo hún megi nýtast öðrum skógareigendum. Eftir því sem tíminn líður verður æ meira til af sverara efni sem hentar til flettingar, m.ö.o. til borðviðarvinnslu.

Könnun á grisjunarþörf í þjóðskógunum veturinn 2013-2014 leiddi í ljós að grisja mætti um 6.000 m³ timburs árlega næstu fimm árin. Ætla má að annað eins magn sé í skógum annarra, einkum skógræktarfélaganna. Skógarnir vaxa og því mun mögulegt grisjunarmagn aukast eftir þetta fimm ára tímabil, en þá verða skógarbændur farnir að grisja skóga sína í síauknum mæli. Það er einkum fyrir aðra skógareigendur sem það er mikilvægt nú að Skógrækt ríkisins vinni að þróun aðfangakeðjunnar og fleiri markaða fyrir timbur.

Það sem við lærum núna um meðferð skóga mun einnig hafa áhrif á hvernig skógar eru ræktaðir og tímabært að byrja strax. Má þar nefna augljós atriði svo sem að skógar séu ræktaðir á stórum og aðgengilegum svæðum og að notaðar séu tegundir sem framleiða mikinn við.

Viðarsala frá Skógrækt ríkisins 1997-2013

